

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gosdrykki nr. 111 10. september 1936.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. orðist svo:

Límonaði (aldinlímonaði, ávaxtalímonaði) er drykkur, sem búinn er til úr aldinsafti eða límonaðisafti og vatni. Í stað aldinsafsts er stundum notaður aldinsafi og hreinn hvítur neyzlusykur (saccharose), enda er hlutfallið á milli safans og sykursins eins og fyrir er mælt í reglugerð nr. 51 20. júlí 1936, um aldinsafa og aldinsóft. Ef notaður er þykkur aldinsafi, er hann þynntur með jafnmiklu af vatni og úr honum hefur gufað við upphitunina. Í límonaði, þó að undanteknu sitrónulímonaði (sitrón), er stundum einnig notuð vínsýra eða mjólkursýra. Í límonaði er að minnsta kosti 7% af sykri, en heimilt er þó að nota samsvarandi magn af leyfðum gervisykurtegundum í stað sykursins. Í límonaði úr citrus-tegundunum eru oftast notuð ilm- og bragðefni barkarins. Í staðinn fyrir vatn er stundum einnig notað ölkelduvatn. Límonaði er kennt við aldintegund þá, sem í það er notuð.

2. gr.

Aftan við 4. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sem gervisykur má einungis nota saccharin og natrium og kalcium cyclamat.

3. gr.

3. töluliður 8. gr. orðist svo:

Límonaði, freyðilímonaði og límonaðisaft, sem í hefur verið notað sterkju-síróp eða sykurttegundir aðrar en leyfðar gervisykurtegundir og hreinn hvítur neyzlusykur.

4. gr.

12. töluliður 8. gr. orðist svo:

Gosdrykkir, sem í hefur verið notaður gervisykur, enda sé ekki getið, hvaða efni þeir innihalda í stað sykurs og auk þess ekki auðkenndir á eftirfarandi hátt:

Með gervisykri

Orðin og ramminn utan um þau skulu prentuð með lit, sem ekki er notaður annars staðar á einkennismiðanum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. desember 1964.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.